

stundir þegar hann er fullur og sáttur heiminn við“, eða þegar hann stendur við líkbeð systur sinnar.

Íslands ljóð Hannesar eru ekki mörg og ekki væmin. En í þeim fáu kvæðum rúmast allar þær tilfinningar er sannur þjóðar son ber til ættlands síns. Unga Ísland, og hann er aðal talsmaður þess, er æ í huga hans, hvar sem hann fer um önnur lönd. Fram með Skotlandi, er hann sér hálandið skógi vaxið, koma honum í huga þessi orð, og er þar í fullur metnaður og ríkilæti ríkiláts sonar:

„Sé eg í hug þín háu fjöll
 hjúpuð þessum grænu skógum,
 undir hreinni hnjúka mjöll
 hlíðar frjófar, vaxnar blómum nógum.

Sé eg í hug við háa storð
 hundrað skip með frónskum drengjum.
 Þrek er í höndum. Íslensk orð
 eru það sem skipa að herða á strengjum.

Sé eg í huga fósturföld
 féndur þína, svefn og doða
 báða fallna flata á mold
 fyrir nýjum skærum morgunroða.

Og hvorki vér eða hann þurfum að sjá það í huga, það er hægt að líta það með opnum augum nú, um leið og hann víkur úr sæti sem æðstur fulltrúi þjóðarinnar. Það eru hundrað skip, skipuð frónskum drengjum, við stendur landsins. Svefn og Doði, að minnsta kosti, liggja sundur brotinn leir. Þó er kvæðið „Ísland“, (bls. 139), hans fullkomnasta ættjarðarkvæði, enda felur það í sér allt, trú, ást og virðing fyrir föðurlandinu, og þar er sannarlega ekki barnaskælu við móðurina, áklagandi kulda, svengd, hor og vesaldóm. Aflið og þrótturinn, í þessu kvæði, er jötunafli, fossa afl Íslands, er flytur fjöllin úr stað.

„Þótt þjaki böll með þungum hramm,
 þrátt fyrir allt þú skalt, þú skalt samt fram.“